

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

16. desember 2025
UOS2501554/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. september 2025 – ID 91

Þann 29. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Síldarvinnslunni hf - Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Umhverfismarkmið skulu vera til staðar.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar. Það flæddu upp úr fitugildru inn á neysluvatnslögn í nærliggjandi íbúðabyggð. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt, frávikinu er lokað.
2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju og meðhöndlað í hreinsibúnaði. Það flæddi upp úr blóðtanki og blóðvatn lak til sjávar. Verkferlar voru bættir og búnaði breytt, frávikinu er lokað.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Í febrúar árið 2024 fóru TVN mælingar þrisvar sinnum yfir heimiluð mörk starfsleyfis sem eru 100 mg/N/100g.
4. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2023, því var skilað inn 9. september 2024, frávikinu er lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. janúar 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits